

Gæðastefna

Stefna Orkunnar er að öll verkefni og þjónusta sem fyrirtækið annast standist gæðakröfur og væntingar haghafa. Orkan leitast við að tryggja að viðskiptavinir félagsins fái örugga, góða og skilvirka þjónustu og viðmót sem einkennist af sanngirni, háttvísi og fagmennsku.

Til þess að tryggja að gæðamarkmið Orkunnar náist mun félagið reka gæðakerfi sem:

- Tryggir að unnið sé skipulega að því að starfsmenn fylgi stefnum félagsins og að þeir vinni að þeim markmiðum sem félagið hefur sett sér.
- Tryggir að innan félagsins séu skipulagðir ferlar sem tryggi hnökralaust flæði starfsemi félagsins.
- Skráð séu frávik frá stefnum og reglum félagsins.
- Uppfyllir kröfur sem settar eru fram samkvæmt lögum og reglugerðum
- Uppfyllir kröfur um innra- og ytra eftirlit með rekstrinum
- Tryggir að starfsmenn félagsins séu vel þjálfaðir, hæfir og sýni fagmennsku og metnað í starfi.
- Stuðlar að ánægju og vellíðan starfsmanna í starfi, að þeir fái tækifæri til að afla sér nýrrar þekkingar og tileinka sér nýjar aðferðir til að miðla upplýsingum og þekkingu.

Forstjóri Orkunnar er ábyrgur fyrir viðhaldi og endurskoðun stefnunnar. Gæðastjóri ber ábyrgð á og tryggir að starfsmenn Orkunnar þekki stefnuna og framfylgi henni.

Samþykkt af stjórn Orkunnar IS ehf.
31. janúar 2024